



## Fundur stjórnar AKÍS Fundargerð

Staður og tími: Zoom - 24. maí 2022 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH).

**Mættir varamenn:** Sigurjón Andersen (SA), Jóhann Egilsson (JE),

**Fjarverandi varamenn:** Sigfús B Sverrisson (SBS)

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Konur í akstursíþróttum

Rætt vítt og breytt um uppbyggingu starfs fyrir konur og tengingu AKÍS við þau og einnig FIA. Ákveðið að styðja við vinnu hóps kvenna sem HRR leiðir og hefur að markmiði að vekja athygli á konum í akstursíþróttum með það að markmiði að efla þær og auka jafnframt þátttöku kvenna. Þetta hyggjast þær gera með m.a. virkni á samfélagsmiðlum, kynningarfundum, brautardögum fyrir konur o.fl.

### 2. Notkun merkja WIM

Til eru leiðbeiningar varðandi notkun merkja Woman in motorsport. Ákveðið að sækja um til WIM nefndar FIA að verkefnið fái að nota merki sem “WIM supporter” samkvæmt þeim leiðbeiningum.

### 3. FIA fulltrúi í WIM

Á fundi stjórnar 5. apríl s.l. var ákveðið að draga fulltrúa sambandsins úr WIM nefnd FIA. Tillaga kom fram um að draga þá ákvörðun til baka. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 4. Starf framkvæmdastjóra

Þeir fulltrúar stjórnar sem unnið hafa að ráðningu framkvæmdastjóra lögðu til að X.X yrði ráðinn frá 1. júní. Hann uppfyllir öll viðmið sem sett voru fyrir ráðningu og samist hefur um kaup og kjör. Tillagan var samþykkt.

**Næsti hefðbundni stjórnarfundur verður 7. júní á Zoom kl. 18:00.**

**Fundi slitið kl. 19.32**